Reykjavík

105
FÉLAGSMIÐSTÖÐ
TJÖRNIN • FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

Starfsáætlun 2026-2027

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur....3
Innra mat 2025-2026....3
Umbótaáætlun 2026-2027....4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins....6
Helstu dagsetningar....7

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat félagsmiðstöðvarinnar 105 þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

Samantekt: Almennt kemur innra mat mjög vel út. Erum í miklu samstarfi við skólann.

- Skipulega er unnið með lýðræði
- lýðræðislega valið í ráð, unglingar hafa mótandi áhrif á aðstöðu
- markvisst leitað eftir skoðunum ungmenna
- starfsumhverfi án aðgreiningar
- áhersla á forvarnar-, menntunar- og eða afþreyingargildi við dagskrágerð
- opnunartími tekur mið af þörfum ólíkra hópa
- reglulega haldnir viðburðir
- fræðsla nýrra starfsmanna og símenntun
- starfsfólkt virkt við mótun þjónustu
- reglulegir fundir með skólastjórnendum
- hæfileikar starfsfólks nýttir
- starfið kynnt fyrir ungmennum og foreldrum.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Húsnæði uppfyllir *ekki* rýmisþörf á skilgr. félagsmiðstöðva.

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar: Álagsstýring	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Bjargir og skipulag - Mikilvægt er að passa upp á að verkefni félagsmiðstöðvarinnar séu hæfilega mörg miðað við starfshlutfall og getu.
Tækifæri til umbóta.	Passa uppá að álagi sé hæfilega dreift á starfsmannahópinn
Aðgerðir til umbóta	Mikilvægt er að passa upp á að verkefni félagsmiðstöðvarinnar séu hæfilega mörg miðað við starfshlutfall og getu.
Ábyrgð	Forstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2026 – Vor 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Opið samtal á milli starfsmanna. Forstöðumaður nýtir einnig örframmistöðusamtöl og starfsþróunarsamtöl til að spyrja út í álag.
Viðmið um árangur.	Samtöl að hausti og vori við starfsfólk (örframmistöðu- og starfsþróunarsamtöl. Opið samtal á starfsmannafundum.

Heiti aðgerðar: Sértækt hópastarf á miðstigi	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Faglegt starf
Tækifæri til umbóta.	Vera með sértæka vinnu fyrir ákveðinn hóp á miðstigi
Aðgerðir til umbóta.	Setja upp sértækt hópastarf fyrir stúlkur á miðstigi í ljósi niðurstaðna úr Íslensku Æskulýðsrannsókninni (2024-2025 niðurstöður).
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Vorönn 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Kannanir fyrir stúlkurnar í upphaf klúbbastarfs og lok þess.
Viðmið um árangur.	Munum einnig fylgjast með mætingartölum stúlknanna á meðan klúbbastarfinu stendur og í kjölfar þess. Til að sjá hvort að klúbbastarfið verði til þess að hópurinn mæti oftar í félagsmiðstöðina.

Heiti aðgerðar: Móttaka 5. Bekkjar á miðstig félagsmiðstöðvarinnar	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Lýðræði og þátttaka
Tækifæri til umbóta.	Taka vel á móti 5. Bekkjum á skólatíma þegar þau mæta í starfið okkar.
Aðgerðir til umbóta.	Mikilvægt að kynna félagsmiðstöðina fyrir þau sem að eru ný hjá okkur og að koma uppá miðstigi. Gert á skólatíma og farið yfir hvernig félagsmiðstöðvarstarfið virkar, hvenær opnunartímar eru o.þ.h.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haustönn 2026
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Samtal stjórnenda og kennara 5. Bekkjar.
Viðmið um árangur.	Mæting 5. Bekkjar á opnanir eru góður mælikvarði um hvort að þessi umbótaaðgerð beri tilætlaðan árangur.

Heiti aðgerðar: Hollusta og hreyfing	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Starfshættir og viðfangsefni
Tækifæri til umbóta.	Tækifæri til að bæta í og muna eftir því að hafa þessa hreyfingu og hollustu sem reglulegan part af dagskrá félagsmiðstöðvarinanr
Aðgerðir til umbóta.	Setja í mánaðardagskrár félagsmiðstöðvarinnar viðburði sem að innihalda hreyfingu og hollustu. Bjóða uppá hollan valkost reglulega þegar veitingar eru í boði í félagsmiðstöðinni.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust- og vorönn 2026-2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta?	Aðgerð haldið á lofti af stjórnendum. Reglulegt samtal um hvað fer í dagskránna.
Viðmið um árangur.	Var aðgerðin framkvæmd að fullu eða ekki. Viðmið er að minnsta kosti 1 viðburður í mánuði tengdur hreyfingu og 1 viðburður sem að inniheldur hollustu.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Síðastliðin ár hefur félagsmiðstöðin 105 (ásamt félagsmiðstöðinni 100&1) verið hluti af A-hlutastyrk tengt list og listrænum verkefnum. Styrkurinn var til tveggja ára og var sett upp leiksýning á sitthvoru skólaárinu á tímabilinu, við mikla lukku og ánægja krakkanna. Markmiðið með leiksýningunni er að veita unglingum vettvang til þess að prufa sig áfram á vettvangi sviðslistar. Sviðslist og uppsetning leikrita er í raun afar góður vettvangur sértæks hópastarfs þar sem að hefur myndast einstaklega góð og jákvæð hópastemming. Mikil hefð var fyrir uppsetningu leikrita á sviði Háteigsskóla á sínum tíma og höfum við náð að vekja þá hefð aftur.

Við stefnum að því að halda því góða þróunarverkefni áfram og setja upp leiksýningu næsta vor með nýjum styrk.

Helstu dagsetningar

Ágúst

- 17. Ágúst: Stjórnendur mæta til starfa
- 24.ágúst: Starfsdagur starfsfólk
- 24.ágúst: Skólasetning
- 25. ágúst: Fyrsta opnun
- 31.ágúst : Starf í 10-12 hefst

September

- 9.-10. september - Starfsdagar Samfés
- 14. – 18. September – Hinsegin Vika MVH
- 23. September – Foreldrakynning – Miðstig
- 24. September – Foreldrakynning – Unglingastig
- 28. September – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (í 105)

Október

- 6. Október – Nemendaviðtöl – miðstig – opið f. Foreldraspjall í 105
- 9. – 11..október: Landsmót Samfés á Reykjanesi
- 19. – 21. Október – Félagsmiðstöðva og ungmennahúsavikan
- 22. – 26. Október – Vetrarleyfi

Nóvember

- 2.nóvember: Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (í Frosta)
- 3. Nóvember – Nemendaviðtöl Háteigsskóla – unglingastig – opið f. Foreldraspjall í 105
- 8.nóvember: Baráttudagur gegn einelti
- 9., 10. & 11. nóvember: Undanúrslitarkvöld Skrekkur
- 16. nóvember: Úrslitakvöld Skrekkur
- 20.nóvember: Rímnaflæði/Dagur mannréttinda barna
- Örframmistöðusamtöl

Desember

- 3. Desember – Jólafundur 100% starfsfólks MVH
- 16. Desember – Jólaball Háteigsskóla
- 21. Desember - 5.janúar: Jólafrí í Háteigsskóla
- Viðhorfskannanir á foreldra, unglinga og börn í gegnum mentor

Janúar

- 4. Janúar – Starfsdagur félagsmiðstöðva MVH
- 22. Janúar - Samfés Con – endurmenntun starfsmanna
- 25. Janúar – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (í 100&1)
- Sértækt hópastarf f. Miðstigsstúlkur hefst

Febrúar

- 4. Febrúar – Foreldraviðtöl (miðstig og 10. Bekkur) – opið f. Foreldra í 105
- 8. – 12. Febrúar - Vika 6
- 22. Febrúar – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (í 105)
- 22. – 23. Febrúar – Vetrarleyfi skólanna
- 25. Febrúar – Skipulagsfundur forstöðumanna MVH f. Sumarstarf
- Skíðaferð - Miðborgar og Hlíða (Feb/Mars)

Mars

- Áheyrnaprufur og upphafið á æfingaferli leiksýningar 105
- 3. Mars – Foreldraviðtöl: 8. – 9. Bekkur – Opið í 105 í foreldraspjall
- 5. Mars – Danskeppni Samfés
- 6. Mars – Stíll: Hönnunarkeppni Samfés
- 10. Mars – Söngkeppni MVH
- 22. Mars – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (Frosti)
- 22. – 29. Mars – Páskafrí
- Starfsþróunarsamtöl

Apríl

- 1. Apríl – Skráning í söngkeppni Samfés hefst
- 7.- 8.apríl: Aðalfundur Samfés (Egilsstöðum)
- 19. – 23. Apríl - Barnamenningarhátíð
- 26. Apríl – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (GB)
- 27. Apríl – Menntastefnumót/Starfsdagur
- Árshátíð Háteigsskóla

Maí

- 7. – 8. Maí – SAMFEST – Samfés ball og söngkeppni Samfés
- 24. Maí – Sameiginlegur starfsmannafundur félagsmiðstöðva MVH (100&1)
- Sýna leiksýningu 105 í lok mánaðar
- Kjósa í nemendaráð fyrir næsta ár
- Lokaball

Júní

- 10. Júní - Skólaslit
- 11. Júní - Sumarstarf hefst
- Útilega unglingastarfs

Júlí

- Sumarfrí starfsfólk